

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar haldinn fimmtudaginn 16. september, kl. 12:00 í Norræna húsinu.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Ástríður Stefánsdóttir, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Páll Hreinsson og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. *Fundir og málþing:*
 - 1) Ráðstefnan *Siðfræði og lífvísindi: Vits er þörf*, var haldin í samvinnu við Líffræðifélag Íslands, 14. september s.l. Dagskráin tókst vel en fyrir hönd Siðfræðistofnunar töluðu þau; Bryndís Valsdóttir, Stefán Hjörleifsson, Vilhjálmur Árnason og Þorvarður Árnason. 2) Borgarleikhúsið hefur óskað eftir áframhaldandi samvinnu um málþing í vetur. Ekki er gert ráð fyrir jafnmörgum og á síðasta ári. Einnig hefur Ævar Kjartansson hjá RUV óskað eftir áframhaldandi samstarfi. 3) Rektor Skálholtsskóla hefur óskað eftir samstarfi um málþing um siðferði og stjórnsmál. Fyrirhugað er að halda slíkan fund í nóvember undir yfirskriftinni Sjálfsmynd stjórnsmálamannsins. Jón Kalmansson og Róbert H. Haraldsson ætla að taka að sér undirbúning þessa málþings og væntanlega verður í framhaldinu haldið málþing í Reykjavík um efnið. 4) Stjórnarformaður greindi frá því að XVIIIth Conference on Philosophy of Medicine and Health Care, verði haldin hér á landi 25.-28. ágúst 2004 í tengslum við ELSAGEN-ráðstefnuna. Stjórnir ESPHM og ELSAGEN hafa samþykkt það fyrir sitt leyti. Gera má ráð fyrir um 200 manna alþjóðlegri ráðstefnu. Þátttaka Siðfræðistofnunar samþykkt af stjórn.
3. Stjórnarformaður gerði grein fyrir NORFA – seminar í Helsinki 7. september s.l. Þar voru haldnir fyrirlestrar um eistneska, sænska og finnska gagnagrunna. Fundinn sóttu af hálfu Siðfræðistofnunar Vilhjálmur Árnason, Garðar Árnason, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, félagsfræðingur og lögfræðingarnir Haraldur Flosi Tryggvason og Hörður Helgason.
4. Forstöðumaður gerði grein fyrir nokkrum málum sem hafa verið afgreidd frá síðasta fundi. 1) Lagt fram svar frá Kjaranefnd varðandi laun stjórnarformanns, þar kemur fram að ekki þurfi að leggja fyrir nefndina beiðni um yfirvinnugreiðslur vegna stjórnarformennsku. 2) Lögð fram tillaga að reglum um Landsiðaráð. Tillagan var kynnt rektor H.Í. í lok júní og hann beðinn að kynna málið fyrir menntamálaráðherra. Enn er ekki komin niðurstaða. Fundarmenn sammála um að brýnt væri að leggja tillöguna sem fyrst fyrir ráðamenn. 3) Lögð fram umsögn um Reglur um erfðafræðinefnd Háskóla Íslands. 4) Búið er að ganga frá uppgjöri við Skálholtsútgefuna og er málið þar með úr sögunni.
5. *Umsóknir um styrki:* Forstöðumaður greindi frá því að 1) Styrkur hefði fengist frá Rannís í umhverfisverkefnið samtals fjórar milljónir. 2) Rætt um mögulegar umsóknir í Kristnihátíðarsjóð en umsóknarfrestur rennur út 20

september n.k. Ákveðið að sækja um aftur fyrir Siðfræðivef sem sótt var um á síðasta ári en fékkst ekki. Einnig framhaldsstyrk fyrir verkefnið siðanefndir sem Róbert H. Haraldsson hefur stýrt.

6. *Fjármál.* Lagt fram uppgjör frá Háskólaútgáfu vegna bóka sem gefnar hafa verið út á vegum stofnunarinnar. Inneign hjá útgáfunni er um 2 milljónir og munar þar mestu um sölu á bókinni *Stefnur og straumar*. Inneign vegna bókarinnar *Leitin að tilgangi lífsins* er um 850 þúsund. Í samningi við höfund þeirrar bókar kemur fram að í stað greiðslu höfundarlauna eigi að styrkja eitthvert málefni tengt börnum. Fundarmenn beðnir að hugleiða hvaða málefni ætti að styrkja.
7. Sagt frá fundi námsnefndar um starfstengd siðfræði þar sem farið var yfir reynsluna frá fyrstu misserum námsins. M.a. hefur verið ákveðið að breyta tilhöggun náms og taka inn nemendur á haustmisseri í stað vormisseris áður.
8. Í ljósi fjarveru bæði stjórnarformanns og forstöðumanns á næstunni er ljóst að starfsemi stofnunarinnar verður með minna móti í vetur. Rætt um mögulegan næsta fund stjórnarinnar og hann ákveðinn í mars, þegar stjórnarformaður verður næst á landinu. Ef nauðsynlegt reynist væri hægt að halda símafund í millitíðinni og einnig skiptast á upplýsingum í tölvupósti.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14:00.

S.N.